



## Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 26. nóv. 2021  
Mál nr. US210273  
USK2021110017

### ***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um líffræðilegan fjölbreytileika og skilgreiningu á honum.***

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Víða í gögnum um skipulagsmál borgarinnar ekki síst frá verkfræðistofum sem vinna ýmis konar vinnu fyrir borgaryfirvöld er talað um að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá skilgreiningu á líffræðilegum fjölbreytileika.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 3. nóvember sl. var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

### ***Svar umhverfis- og skipulagssviðs***

Eftirfarandi er úr stefnu borgarinnar um líffræðilega fjölbreytni:

Líffræðileg fjölbreytni er íslensk þýðing á biological diversity eða biodiversity og er hugtak sem er notað til að skilgreina margbreytileika lífríkisins. Hugtakið er margþátta en í grunninn vísar það í allt litróf lífríkisins hverju sinni og þar af leiðandi í: - Fjölbreytni tegunda og annara flokkunareininga lífvera. - Fjölbreytileika innan tegunda bæði vistfræði- og erfðafræðilegs. - Breytileika í samsetningu og starfsemi lífverusamfélaga og vistkerfa. Hugtakið má nota í víðu samhengi t.d. þegar talað er um líffræðilega fjölbreytni á stórum landsvæðum eða jafnvel jarðarinnar allrar en einnig á smærri skala t.d. varðandi líffræðilega fjölbreytni einstakra vistkerfa sem eru oft smá í sniðum svo sem litlar tjarnir eða garðar.

Sjá frekar á heimasíðu Reykjavíkur:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/liffraedilegfjolebreytnistefnareykjavikur.pdf>

Virðingarfyllst,  
Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða